listamaðurinn er hvergi „frjáls,” nema innan veggja sýningarsalarins (og þar er frelsið háð ýmsum skilyrðum). Öll umfjöllun um skúptúr verður að taka mið af því hversu aðþrengd skúptúlist er og hefur verið um langt skeið. Það er ekki aðeins að skúptúlist er ekki umhverfismótandi í sama mæli og áður, heldur er allri skapandi, listrænni hugsun beint að því að skapa verk fyrir afvikinn stað, nokkurs konar „verndarsvæði,” sem er „annars staðar” og hvergi óþægilega nærri, þ.e.a.s. í sýningarsalnum eða „skúptúrgarðinum”. Áhrif listamanna á umhverfið er einskorðað við svokallaða „samvinnu” listamanna og arkitekta, verk- og skipulagsfræðinga, samvinnu sem felst í því að úthluta listamönnum auðum vegg, skúmaskoti eða túnbletti til listrænnar útrásar, í samræmi við fyrirfram ákveðinn kvóta ætlaðan til listsreytinga (kvóti sem er yfirleitt ekki fullnýttur). Þær breytingar sem hafa orðið á skúptúlist eiga ekki síst rætur að rekja til þess að listamenn hafa þurft að bregðast við aðstæðum og skapa skúptúlist sinni rými. Það er þessi staða - staðsetning - skúptúlistar sem ég ætla að fara nokkrum orðum um.

## II.

Það er álitamál hvort rétt sé að segja að skúptúlist fáist við rými, a.m.k. eru skúptúlistaverk í rými. Það er í sjálfu sér ekkert athugavert við sliðar fullyrðingar nema að því leyti að það er alls ekki augljóst hvaða skilning beri að leggja í hugtakið rými. Rými birtist okkur á margvislegan hátt í reynslunni og hér að ofan hef ég þegar notað orðið í

ólikum skilningi. Til frekari glöggunar og umhugsunar má í grundvallaratriðum greina á milli þrenns konar rýmis-skilnings.<sup>1)</sup>

Í fyrsta lagi má tala um hugtakalegt rými, sem er hið stærðfræðilega rými eins og það var skilgreint af Ekvlið; samfellt, „slétt“ og endalaust í allar áttir. Hugtakalegt rými er það tóm sem allir hlutir eru staðsettir í. „Hnitakerfið“ er notað til staðsetja hluti í þrívíðu kerfi, afstöðu þeirra hver til annars og þær breytingar sem verða á innri afstöðu þeirra og gerir okkur kleift að kortleggja og mæla alla hluti innan eins og sama kerfis. Rýmið breytist ekki, það er alltaf og alls staðar eins. Þegar talað er um rými skúlptúrs í þessum skilningi þá er bæði átt við umfang hlutarins og það „pláss“ sem hann hefur umhverfis, formræna eiginleika og innri hlutföll.

Í öðru lagi er það rými sem við getum kallað hagnýtt rými. Rýmið eins og það birtist okkur í reynslunni, m.ö.o. „heimurinn.“ En hér er ekki aðeins um að ræða það rými sem markast af líkamanum og þeim hlutum sem eru „við hendina,“ hér er einnig um að ræða rými sem skapast af samfélagslegum athöfnum og samskiptum, öflun lífsviðurværis, vinnu og viðskiptum. Þegar þessu rými er lýst þá er gripið til hugtaka eins og heimasvæðis, yfirráðasvæðis, einkarymis og opinberra staða, vinnustaða og skemmtistaða. Pessi ólíku rými eiga sér ekki endilega skýra afmörkun, þau geta skarast. Slikt rými tekur sifelldum breytingum og er ekki afmarkaður „hlutur“ sem er hægt að kortleggja á hnitakerfi, og það er ekki heldur slétt og samfellt eins og hugtakalegt rými. Sýningarsalurinn er skýrasta dæmið um hagnýtt rými. En nú er jafnvel talað um listalifið sem heilan heim út af fyrir sig, „Listheiminn,“ sem hefur sitt eigið landslag, miðjur, jaðra og svæðaskiptingu.

Að lokum má nefna táknrænt rými, sem er það rými sem tilheyrir ímyndunaraflinu, eins og t.d. myndrými lista-verksins, eða trúarlegt rými, t.d. gotneska dómkirkjan sem „*imagus mundi*,“ heims-ímynd. Hér er um að ræða rými sem tekur á sig mynd í beinni upplifun og er ekki eingöngu bundið við listsköpun, það er einnig að finna í fornum hofum, á torgum og leikvöngum. Táknrænt rými fyrirfinnst ekki á neinum kortum og það fellur ekki heldur saman við hagnýtt, samfélagslegt rými.

Af þessu sést að það getur verið erfitt að negla niður hugtakið „rými,“ það er margræðara en mann grunar. Önnur orð sem við notum um rými eiga sér skýrari skírskotun í reynsluna, orð eins og staður, miðja, umhverfi, vettvangur, nálægð, fjarlægð, stærð, umfang, afstaða, tenging, yfirborð, samfella og misfella. Rými, aftur á móti, hefur svo óáþreifanlega merkingu að það er álika tómt og hið hugtakalegt rými hnitakerfisins. Pessar þjár ólíku merkingar gera það líka að verkum að það er í meira lagi óljóst hvað verið er að tala um þegar sagt er að listamenn séu að „fást við“ rými í listsköpun sinni, eða skapa „nýjan skilning“ á rými.

Pennan þrískipta skilning á rými má heimfæra yfir á skúlptúlistina. Allir skúlptúrar fela í sér einhvern þátt af öllum þáttunum þremur. Allir skúlptúrar hafa umfang, taka pláss, mynda afstöðu til nánasta umhverfis. Allir skúlptúrar gegna hlutverki í samskiptum fólks og hafa áhrif á hvernig þessum samskiptum er haldið við. Og enginn skúlptúr kemst hjá því að búa yfir einhverju táknrænu inntaki, eða að kalla fram viðbrögð hjá áhorfandanum sem fela í sér ákveðna túlkun á verkinu.

En það er að sjálfsögðu misjafnt á hvað listamenn leggja

rikasta áhersla. Sumir listamenn leggja einvörðungu áherslu á formræna uppbyggingu verksins og innri uppbyggingu, eða reyna að gera verkið eins hlutbundið, „bókstaflegt,” og kostur er, til að útloka allar táknrænar og samfélagslegar skírskotanir. Sumir leggja áherslu á að skulptúrinn sé lykillin að ímynduðu rými, sem við uppifum í gegnum verkið, sem getur komið fram í mystískri sýn í persónulegan goðsagnaheim, eða sem samskeytingu sundurleitra merkingartengsla sem sundrar einingu verksins. Hér lita menn kannski alveg framhjá formrænni uppbyggingu verksins og nota ólikan efnivið á allt að því handahófskenndan hátt. Svo eru þeir sem takast beint á við samhengið og reyna að afhjúpa hugmyndafræðilegar forsendur og dulda menningarpólítik. Þrátt fyrir ólikar áherslur má samt sem áður „lesa“ verkið út frá ólikum rýmisskilningi. Táknrænt verk hefur eftir sem áður formræna uppbyggingu, ákveðin formræn uppbygging getur átt þátt í því að breyta viðhorfum til hlutverks listaverksins, sem aftur á móti getur gefið verkinu nýja, táknræna merkingu, og svo framvegis.

Hvað varðar öll þessi atriði má ekki gleyma hlutverki og þýðingu sýningarsalarins. Hann er „umbúnaður“ rýmislístarinnar, og þessi umbúnaður er alltaf til staðar áður en nokkur skulptúr er kominn á staðinn. Sýningarsalurinn er sá „búnaður“ sem listaverkið notfærir sér til að tryggja lístrænan umráðarétt yfir umhverfinu, m.ö.o. því sem hverfist um verkið og fellur innan áhrifasvæðis þess. Hvergi annars staðar getur listaverkið gengið að þessu sem vísu. Það er hér sem listamenn sýna og áhorfendur koma til að sjá, og það er hér sem gagnkvæmt samkomulag ríkir um að umgangast listaverkið á viðeigandi hátt.

Sýningarsalir nútímans reyna að líkjast hugtakalegu tóma-

rúmi með því að sýnast hlutlausir, afneita eigin sérkennum, til að geta tekið við hvaða list sem er og hvaða áhorfanda sem er. En þetta lístræna tómarúm sýningarsalarins er ekki hlutlaust vegna þess að það er alltaf sá hlutur sem er óhjákvæmilegur hluti af listaverkinu. Sýningarsalurinn er jafn þýðingarmikill fyrir listaverkið hvort sem það tekur sérstakt tillit til hans, eða lætur sem það viti ekki af honum, ef svo má að orði komast, er algjörlega sjálfhverft. Þess vegna geta jafnvel ómerkilegstu smáatriði skipt málí og truflað staðsetningu verksins í umhverfinu.

Sýningarsalurinn er ekki laus við táknrænt inntak, og skiptir þá málí hvort um er að ræða þjóðlistasafn, listamannaskála, galleri eða stúdió. Sýningarsalurinn getur verið „hof“ eða „neðanjarðarbyrgi,“ allt eftir því hvar það erstatt í lagskiptingu þjóðfélagsins. Sýningarsalurinn er því miklu meira en hús, með ákveðnum rúmmetrafjölda af tómu plássi innandyra. Hann er tilkominn vegna þess að hlutverk listaverksins í samskiptum fólks krefst þess og hann hefur táknræna tilvist, sem er jafn raunveruleg og mælanlegt rúmtak.

Það má því nálgast spurninguna um staðsetningu skulptúrlistar á margvislegan hátt, með því t.d. að kortleggja hvar einstakar myndir er að finna og áætla hvað sé hæfilegt magn á ferkilómetra eða 100 þúsund íbúa. En þetta segir okkur ekki mikið. Mikilsverðara er að átta sig á því hvernig skulptúrlist verður á vegi manna, að hvaða leyti skulptúrlist er hluti af lifsmunstri samfélagsins. Það má spryja sig að því að hve miklu leyti skulptúrlist tekur þátt í því að skapa þá sýn á samfélagið og heiminn í kringum okkur, sem birtir okkur þau gildi sem höfð eru í heiðri og móta lífsviðhorf okkar. Í þessu samhengi er hægt að velta fyrir sér hugsanlegri einangrun skulptúrlistar.

## III.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um að skúlptúlist hefur staðið nær daglegu lífi fólks og verið samofnari öðrum þáttum mannlífsins fyrir á öldum. Skiptir engu hvar borið er niður eða hvenær. Ástæðan er ekki sú að menningarþjóðir hafi hingað til verið listelskari, heldur vegna þess að sýn manna á heiminn og stöðu einstaklingsins og samfélagsins innan skópunarverksins er ekki aðeins hagnýt heldur einnig skáldleg og goðsöguleg. Hið táknræna rými goðsögunnar var á öllum sviðum mannlífsins gefið til kynna með skipulagi byggðar, trúarlegum og veraldlegum byggingum, myndum og líkneskjum.

Pessi hugsunarháttur lifði að nokkru áfram í minnismerkinu. Minnismerki gegndu ekki aðeins því hlutverki að halda á lofti minningunni um hetjur og mikilmenni, heldur einnig að viðhalda ákveðnum, borgaralegum dyggðum, hugrekki og fórnfysi. Minnismerkinu var fundinn staður í alfaraleið, þar sem vegir mætast, stöðug áminning til borgaranna um að hlýða kalli skyldunnar. Allir sem falla innan umráðasvæðis minnismerkisins finna til skuldbindingar gagnvart þeiri mennesku eða þeiri dáð sem minnismerkið visar til - minnismerkið segir: „þeir fórnuðu sér fyrir okkur og föðurlandið - örlög þeirra eru örlög okkar“.

Minnismerki Rodins marka endalok minnismerkja í menningu Vesturlanda. Mynd hans, Borgararnir frá Calais, var upphaflega ætlað að halda á loft minningunni um hetjudáðir sögufrægra, franskra borgara, en í dag er það miklu fremur minnismerki um hugarheim Rodins og þær hetjudáðir sem hann drýgði í nafni listarinnar. Að þessu leyti eru skúlptúrar Rodins ekki frábrugðnir skúlptúrum Alberto Giacomettis eða David Smiths. Eða þá Ás-

mundar Sveinssonar. Skúlptúrar Ásmundar eru okkur fyrst og fremst vitnisburður um dirfsku hins skapandi frumherja og hylling á einstaklingseðlinu. Hið goðsögu-lega inntak verkanna, hið táknræna rými sem þau skapa sem minnismerki, er trúin á skapandi frelsi mannsandans, um einstaklinginn sem losar sig undan oki siðmenningar og sprettur fram óháður og algjörlega úr samhengi við umhverfið, líkt og nútímaskúlptúr á umferðareyju.

Hugmyndin um algert sjálfstæði listaverksins gagnvart um heiminum á sér langan og merkan aðdraganda. Það má t.d. minna á hið umdeilda framlag Elgins lávarðar til menningarinnar. Elgin lávarður létt greipar sópa á Akrópolishæð í byrjun nitjánú aldar, tók fornar marmarastyttr eignarnámi og flutti til Bretlands, undir því yfirskini að hann væri að bjarga þeim frá eyðileggingu. Eftir nokkurt þref keypti breska ríkið stytturnar af Elgin og urðu þær einn hornsteinninn að British Museum, þar sem þær eru enn. Hér er um að ræða marmorastyttrum sem voru hluti af upprunalegum byggingum, m.a. Parþenonhofinu, og stillt upp, án nokkurs samhengis, sem sjálfstæðum listaverkum. Þannig fékk „Safnið“ sitt háleita hlutverk, að varðveita sjálfsprottna list og veita henni skjól fyrir barbarisma og eyðileggingu þeirra sem bera ekkert skyn-bragð á ágæti hennar. En safnið er jafnframt húsaskjól fyrir hluti sem eiga hvergi heima og bera með sér minninguna um horfinn heim sem heyrir sögunni til.

Annars létt framúrstefnan í myndlist í byrjun aldarinnar sig tímaviddir meira skipta en viddir rúmsins. Fylgismenn hennar voru uppteknari af breytingum, hreyfingu og þeim hraða sem fylgir vélvæðingu. Framúrstefnan var „á undan“ öllum öðrum og létt sig því litlu varða hvar hún aðstaðsetja sig í úreltu þjóðskipulagi, gegnsýrðu af

fólkum goðsögnum, sem notaðar voru til að koma í veg fyrir eðlilega þróun. Minnismerkið varð að tákni fyrir stirðnaða og óhaganlega rýmishugsun fortiðarinnar, sem sifellt áminnti um forna frægð og gekk afturábak inn í framtíðina. Framúrsteftnumenn í listum og stjórnálum höfðu hins vegar hugann við útópiu framtíðar. Sýningarsalurinn var því aðeins bráðabirgðalausn á húsnaðisvanda á meðan beðið væri eftir fyrirheitna samfélaginu þar sem framúrsteftnulista yrði loksns á heimavelli. List framúrsteftnunnar setti sig því annars vegar á móti rýmiskennd samtímans, en hins vegar reyndi hún að vera með á nótunum og taka þátt í því að skapa aðstæður fyrir sína eigin lendingu.

Það runnu þó á listamenn tvær grímur þegar líða tók á óldina. Prátt fyrir meint sjálfstæði listarinnar þá gat hún hvergi staðið fyllilega á eigin fótum nema í sýningarsalnum, eða innan „listheimsins,” eins og það hefur verið kallað. En sýningarsalnum var ekki ætlað að vera endastöð fyrir listaverkið. Með tilkomu konseptlistarinnar (og sama máli gegnir um aðrar skyldar hreyfingar, Fluxus, Happening, Performance, Videó-list, o.s.fr.) var leitað undankomuleiða og það leit út fyrir að skulptúrinn hyrfi inn í vitundarrýmið fyrir fullt og allt. Konseptlist tilheyrdi hugsuðu rými, bjó yfir hugtakalegri uppbyggingu og tengdist umhverfinu merkingartengslum. Öðru hverju gat það tekið sér bólfestu í efnislegum hlut eða athöfn, sem fólst t.d. í því að framfylgja einhverjum fyrirmælum, en það var bara tilfallandi. Listaverkið var alveg óbundið umfangi, víddum og staðsetningu hlutarins.

Með því að gera listaverkið heimilislaust vonuðust konseptlistamenn til þess að sýningarsalurinn hyrfi af sjálfu sér og listaverkið færi á flakk og tæki sér bólfestu annars staðar,

abbaðist upp á óviðkomandi umráðasvæði, sem því væri alls ekki ætlað. En hinum útópísku draumsýnir sjöunda áratugarins um einingu lífs og listar eru á bak og burt. Sama saklausa bjartsýnir ríkir ekki lengur. Það er ekki svo auðvelt að segja skilið við sýningarsalinn, þótt enginn sé að neyða listamanninn til að nota hann - en hvert að halda? Jafnvel þótt sýningarsalurinn sé kvaddur og farið með listaverkið út í eyðimörkina, þá snýr það ávallt aftur, ef ekki sjálf, þá í liki „dokumentasjónar.“

#### IV.

Hin yfirdrifna áhersla á hið stærðfræðilega rýmishugtak hefur gert það að verkum að allur skilningur á margbreyttileika rýmisins er einhæfur. Það eru tvær ímyndir sem eru dæmigerðar fyrir hið hugtakalega, mælanlega rými, sem liggar til grundvallar tæknivæðingu og skrifræðisvaldi nútímasamfélaga, og þær eru annars vegar reitaskipan hnitakerfisins, eins og menn þekkja af kortum, og hins vegar trjágreiningin, eins og menn þekkja úr náttúrfræðinni, þar sem öllum hlutum er skipað niður á viðeigandi bás samkvæmt fyrir-fram gefinni kvíslgreiningu í flokka og undirdeildir. Hnitakerfið og trjágreiningin eru hugtakalegir og óhlutbundinir struktúrar sem er varpað á heiminn til að gera okkur kleift að ná tökum á hlutunum í kringum okkur og hafa því geysilega mikla hagnýta þýðingu.

Pótt hið skynjaða rými samfélagslegra samskipta sé kortlagt með staðsetningu einstaklinga, hreyfingu þeirra milli staða, þéttleika byggðar og hagkvæma nýtingu rýmis í huga, allt í samræmi við mælanlegar stærðir, þá gefur það engan veginn rétta mynd af því hvernig einstaklingurinn skynjar sinn stað í samfélaginu og heiminum. Því síður er

hægt að finna samsvörun milli hugtakalegs rýmis og táknrýmis, enda er tilfinning fyrir og skilningur á þýðingu táknræns rýmis nánast enginn nú á tínum. Þetta á sérstaklega við um Íslendinga sem stukku beint úr fábrotnu dreifbýlissamfélagi yfir í tæknivætt nútímasamfélög. Við höfum aldrei vanist öðru en að lita á höggmyndir sem húsbúnað, sem fylgir húsum, eða er stillt upp í görðum.

Sundurgreining mannlegra athafna í sífellt einfaldari og skýrt afmakaðri grunnathafnir er ein undirstaðan undir velgengni nútímans. Híð afdrifarika framlag Henrys Fords til menningarinnar, færibandið, er dæmigert fyrir hugsunarhátt og lífsmunstur nútímamannsins. Verkamanninum er afmarkaður bás þar sem hann framfylgir fyrir fram gefnum athöfnum, án þess að sjá hvor þessi athófn er staðsett í heildarsamhengi færbandsins. Öllum athöfnum verður að finna viðeigandi bás og öll sundurgreining í bása verður að miðast við að færibandið, „hjól atvinnulífsins,“ gangi snurðulaust fyrir sig. Pessi chapliníska einföldun á lífi nútímamannsins er grátbroslega nærrí lagi enn þann dag í dag. Þetta kemur m.a. fram í því hvernig þess er krafist af listamanninum að hann sýni það að hann sé „sérfræðingur á sínu svíði“ og haldi sig á því svíði, án þess að nokkur við fyrir vist í hverju þessi sérþekking felst eða á hvaða svíði hún er.

Niðurstíkun atvinnulífsins kemur vel fram í hinni algjöru aðgreiningu skúptúr- og byggingarlistar. Walter Gropius, arkitekt og hugmyndafræðingur Bauhaus skólans, gaf tóninn snemma á öldinni með því að lýsa yfir að arkitektinn væri verkfræðingur en ekki listamaður, maður tæknilegs verkvits en ekki tilfinningasemi, sem yrði að fylgja nýjungum í tæknipróun og framleiðslu. Listamenn voru haldnir hreinsunaráttu og vildu hreinsa út allan

óþarfa sem villti um fyrir leitinni að kjarna listarinnar. Skúptúrlistamenn hafa því verið á báðum áttum í afstöðu sinni til umhverfisins frá því að leiðir skildu með arkitektum. Í fyrsta lagi er skúptúrlistin svo framsækin og róttæk (að álti listamanna sjálfra) að hún á varla heima í umhverfinu eins og það er, því listamanninum, samvisku menningarinnar, ber nánast siðferðileg skylda til að vera í andstöðu við ríkjandi viðhorf og sýna þessa andstöðu í verki, t.d. með ögrun eða jafnvel hneyksli. Í öðru lagi er hugsunarháttur skúptúrlistamanna algjörlega ósamrýmanlegur magn-hugsunarhætti tæknifræðinga borgarskipulags. Þeir ná aðeins saman með gagnkvæmu umburðarlyndi, tilslökun og málamiðlun (þ.e.a.s. umburðarlyndi af hálfu arkitekta, en tilslökun af hálfu listamanna), sem þýðir þó ekki að þeir hugsi á sömu nótum. Afleiðingin er ósamræmi og árekstrar milli útilistaverka og byggðarlags.

Eða eignum við að fallast á að arkitektar, verkfræðingar og skipulagsfræðingar séu hinir eiginlegu skúptúrlistamenn hins hagnýta rýmis? Þegar öllu er á botninn hvolt þá eru það þeir sem hafa skapað þann heim sem „maðurinn á götunni“ býr í. Ætli nokkur þörf sé þá að því að myndhöggvarar skipti sér af því sem þeir hafa yfirleitt ekki þekkingu til að fást við? Slik virðist hafa orðið niðurstaðan.

Pað er útbreidd skoðun að listin hafi einangrast og fjarlægst almenning og að orsakarinar fyrir því sé að leita í listinni sjálfri. Ef listin breyttist þá myndi þessi aðskilnaður hverfa og hún renna saman við lífið og verða eðlilegur hluti af umhverfinu. Á svipuðum nótum hugsa markaðshygjumenn, þ.e. ef listamenn hugsuðu um hvað almenningur vildi þá myndi listin ná til fólkssins. En þetta var hvorutveggja á misskilningi byggt. Skúptúrlistin hefur

smárn saman orðið að jaðarfyrirbæri, ekki eingöngu vegna þess að listamenn hafa viljað fara eigin leiðir, heldur einnig vegna þess að það er þægilegra að hafa hana þar sem hún skiptir ekki máli fyrir „rekstur“ samfélagsins. Skúlptúlistin hefur verið stíkuð af á afviknum stað og þar má hún ólmast eins og hún vill og allir geta verið öruggir um að það breyti engu til eða frá.

Skúlptúlistin endurheimtir ekki heldur sinn sess í lífi fólks með því einu að gera sig að markaðsvöru. Í besta falli samlagast hún neyslumenningunni, þar sem skúlptúrinn verður munaðarvara sem fellur að tiskubundnum hugmyndum um lífsstíl og þjóðfélagsstöðu. Með því að gera hana ąð markaðsvöru verður efnahagsleg og menn- ingarleg misskipting auðs enn ljósari. Þar að auki verður hún að gangast inn á það skilyrði markaðsvörunnar að geta gengið kaupum og sölum. Staðbundin verk, innsetningar og gjörningar eru því ekki góð markaðsvara og gildir þá einu hvort slik verk búa yfir einhverju listrænu gildi. Sjálfsagt má markaðssetja skúlptúlist og auka lýðhylli hennar, en það þýðir ekki að hún verði aftur hluti af umhverfinu, heldur verður henni fundið annað hlutverk, þ.e. að fylla út í fritíma fólks, með því að gera hana að „viðburði,“ einhverju sem fólk gæti fundist eftirsóknarvert að kynna sér, til að geta sagt: „ég sé það líka.“

#### V.

Skúlptúlistin er í sýningarsalnum. Raunin er sú að það eru líklega fáir skúlptúlistamenn í dag sem hafa raunverulegan áhuga á því að setja mark sitt á byggðarlagið. Enda er erfitt að viðhalda áhuga á því sem menn hafa ekki raunhæfan kost að fylgja eftir. En þá má spyrja hvort það sé ekki misskilningur að tala um tengsl

skúlptúlistar við byggðina þegar slikt er ekki á döfinni hjá listamönnum? Þvert á móti, því það sem okkur yfirsést er ekki síður mikilvægt en það sem við tökum eftir þegar við skoðum og lýsum skúlptúlist. Við litum framhjá því sem virðist ekki skipta máli fyrir skúlptúrverkin, vegna þess að það tilheyrir ekki verkinu sjálfu. Við litum framhjá sýningarsalnum og teljum okkur trú um að það sé ekkert vandamál að koma skúlptúrum fyrir í byggð, það þurfi aðeins að finna viðeigandi verki viðeigandi blett og helluleggja í kring.

Hér er ekki verið að áfellast skúlptúlistina eða áfellast listamenn fyrir að hafa brugðist byggðinni og umhverfinu. Skúlptúlist samtímans er auðug og hugmyndarík. Ekki má gleyma að ýmsir kostir fylgja því að hreiðra um sig í sýningarsal. Þar er hægt að gera hluti sem myndu alrei ganga upp annars staðar. Það er hægt að taka ósköp venjulegan hlut og stilla honum upp í salnum þannig að það öðlast listræna þýðingu, því hið listræna rými er alltaf þegar frátekið og tilbúið. Verkið þarf ekki að vera ein heild, það má vera algjörlega opið og sundurleitt. Það er hægt að umkringja áhorfandann og fylla upp í allt umhverfið. Efnisnotkun er engin takmörk sett, efni geta verið brothætt og forgengileg, vatn, eldur, hljóð og jafnvel lykt. Í sýningarsalnum þurfa hlutirnir ekki að endast - hvers vegna ekki að breyta verkinu í hvert sinn sem það er sett upp? Hlutverki sýningarsalarins má umbreyta með því t.d. að gera það að imynduðu safni, eða samkomuhúsi fyrir alls kyns listræna gjörninga. Það er yfirleitt allt annars konar samkomulag sem tekst með almenningi í sýningarsalnum en á öðrum vettvangi. Þar er hægt að gera kröfu til mun meiri ihugunar hjá áhorfandanum en annars staðar, og listamenn geta verið nokkuð öruggir um að það verði tekið mark á því sem þeir gera.

Skúlptúrlistamenn í dag virðast hafa sætt sig við staðsetningu sína í landslagi menningarinnar. En erum við sátt við að öll þessi hugmyndaauðgi, þekking og verk-kunnáttu skuli vera saman komin á einum stað? Er sú aðskilnaðarstefna, sem ríkir milli skúlptúrlistamanna og annarra stéttu sem vinna að því að skapa umhverfið, eðlileg?

Það er stundum sagt að lesa megi úr lístrænum og skáld-legum afurðum hvarrar þjóðar sjálfsímynd, væntingar og æðstu markmið hennar. Hvað er okkur kærast, hvað höldum við í heiðri, hvernig litum við á okkur sjálf? Ef við höfum yfirleitt hugmynd um það þá hefur okkur tekist ágætlega að halda því leyndu.

1 Hér er stuðst við greiningu Henri Lefebvre í *Production de l'espace*, Paris, 1974; í enskri þýðingu Donald Nicholson-Smith, *The Production of Space*, Oxford, 1991.

GUNNAR ÁRNASON:

## THE TERRITORY OF SCULPTURE AND THE GEOGRAPHY OF CULTURE

## I

Where does sculpture stand? I do not mean this in the sense of where Icelandic sculpture stands by international comparison, or where the latest stylistic devices are heading, but rather what kind of space belongs to sculpture, and where is that space located? Where do we encounter it and what part does it play in creating the total image of the environment in which we live? It hardly needs pointing out that contemporary sculpture is almost entirely invisible. So there is ample need to stage an exhibition to show what sculptors are engaged in at any given time, if only to present something which seldom or never appears in public.

Where does sculpture stand? The answer is simple: it stands in a public exhibition hall. The hall is sculpture's habitat, the space it claims as its territory. This is the place where we go to see sculpture. For some reason, the point has been reached where sculptors, who since time immemorial have created objects for the environment and striven to shape the environment, have no safe haven any more except in exhibition halls.

Admittedly, the dynamics of sculptural art in the past few years and decades may be viewed in the light of a dialectic of styles and movements. Such an analysis, however, only presents an incomplete picture, and implies that sculpture's isolation in modern culture is entirely the responsibility of sculptors themselves and their artistic will, since artists enjoy full licence to do as they please and therefore must have chosen this lot for themselves. But the artist is never "free" except within the walls of the exhibition hall (and there his freedom is subject to various

conditions). All discussion of sculpture must take into account how constricted this art form is, and has been for a long while. Not only has sculpture lost its former shaping influence over the environment; all creative artistic thought is also focused on creating works for a remote place, a kind of "reserve" which is "somewhere else" and never uncomfortably close, i.e. in an exhibition hall or "sculpture garden." The artists' impact on their environment is confined to their so-called "cooperation" with architects, civil engineers and urban planners, which involves issuing them with an empty wall, nook or patch of lawn where they can vent their artistic urges, in accordance with a predetermined quota allocated for decorative art (and this quota is generally not met). The changes which have taken place in sculptural art are not least the result of the artists' need to respond to circumstances and create space for their works. This status or location of sculpture, literally where it stands, is the subject of the following discussion.

## II

It is an open question whether sculpture can correctly be described as dealing with space. At least, works of sculpture are in space. There is nothing inherently wrong with such statements, except insofar as it is by no means obvious how the concept of "space" is to be understood. Space appears to us in various empirical forms, and I have already used the term in different senses. For edification and to prompt speculation, three types of spatial sense can broadly be distinguished:<sup>1)</sup>

Firstly, there is conceptual space, which is the geometric space defined by Euclid: continuous, smooth and infinite in all directions. Conceptual space is the void in which all objects are located. In a three-dimensional system, coordinates are used to locate objects, their relative positions and the changes in position which enable us to map and measure all objects within one and the same system. Space does not change, it is always and everywhere the same. The phrase "sculptural space" in this sense refers both to the scope of the object and the surrounding "room" that it has, its formal characteristics and internal proportions.

Secondly, there is what we can call practical space: space as it appears to us empirically, namely "the world." Yet this is not only the space delimited by the body and objects which are "within reach," but also space created by social actions and communication, physical survival, work and business. Descriptions of this space resort to concepts such as habitat, territory, private space and public places, workplaces and "places to go." No clear demarcation necessarily has to be made between these different spaces. They are continually changing and are not a delimited "object" which can be mapped by coordinates, nor are they smooth and continuous like conceptual space. The exhibition hall is the clearest example of practical space. But today, art is even described as a world unto itself, "the art world," with its own landscape, centres, peripheries and regions.

Finally there is symbolic space, which is the space belonging to the imagination, for example the pictorial space of a work of art, or religious space, for example the Gothic church as an "imagus mundi." This type of

space assumes its form through direct experience and is not confined to creative art, for it can also be found in ancient temples, squares and stadia. Symbolic space is not plotted on any maps, nor does it accord with practical social space.

All this goes to show that the concept "space" can be difficult to pin down; it is more ambiguous than one may suspect. Other spatial terms have clearer references to experience: words such as place, centre, environment, venue, proximity, distance, size, scope, position, connection, surface, continuum, discontinuum. Space, on the other hand, is so abstract in meaning as to be just as empty as the conceptual space of a system of coordinates. Another result of these three different meanings is to leave it very unclear what is meant by describing artists as "dealing with" space in their art, or creating a "new sense" of space.

This triple sense of space can be applied to sculptural art. All sculptures involve some part of all three senses. All sculptures have scope, occupy room, form a position relative to their immediate environment. All sculptures play a role in human communication and influence the way this is maintained. And no sculpture can avoid possessing some symbolic content, or inviting responses on the part of their viewers which imply a definite interpretation of the work.

But obviously artists adopt varying priorities. Some focus solely on the formal construction of the work and its internal structure, or try to make it as objective and "literal" as possible, in order to exclude all symbolic and social references. Others emphasize the sculpture as the key to an

imagined space which we experience through the work and may appear as a mystical insight into a private mythology, or as the concatenation of disjointed associations which break up the unity of the work. In such cases, the formal construction of the work may be ignored completely, with different materials used in a virtually random fashion. Others still tackle the context directly and try to uncover ideological principles and subliminal cultural politics. Despite their varying emphases, works may still be "read" in terms of different senses of space. A symbolic work has a formal construction all the same, a definite formal construction may contribute to a change in attitude towards the role of the work of art, which in turn may give the work a new symbolic meaning, and so forth.

For all these points, the role and significance of the exhibition hall must not be forgotten. It provides the "clothing" of a work of spatial art and is always present before any sculpture has been placed there. The gallery is the "implement" employed by the work of art to ensure its artistic territorial claim over the environment, which etymologically speaking means that which turns about it and falls within its sphere of influence. Nowhere else can the work of art take these precepts for granted. This is the place where artists exhibit and viewers come to see the works, and it is here that a reciprocal convention prevails to treat the work of art in an appropriate manner.

Modern exhibition halls try to imitate the conceptual void by appearing neutral, denying their own characteristics, in order to be able to accommodate any type of art and viewer. Yet this artistic void is not neutral because it is always the only object which is an inevitable part of the work of art. The hall is equally important to the work of

art whether or not it pays particular consideration to it or pretends to ignore it, so to speak, and is entirely self-referent. This is the reason why even the most trivial details can begin to become crucial and disturb the location of the work in its environment.

The exhibition hall is not entirely devoid of symbolic content, and the type of venue, whether it is a national art museum, exhibition workshop, commercial gallery or studio, may be important. The hall may be a "temple" or a "bunker," depending upon where it is placed in the social strata. An exhibition hall is therefore much more than a building containing a specific number of cubic metres of empty room. It has emerged because this is demanded by the role of the work of art in human communication, and has a symbolic existence which is just as real as measurable cubic volume.

Thus the question of a sculpture's location may be approached from many directions, for example by mapping out where individual works are to be found and estimating a suitable concentration per square kilometre or 100,000 inhabitants. But this does not tell us very much. More important is to realize the way people encounter sculpture, the extent to which sculptural art is part of the lifestyle of society. It is worth asking about the extent to which sculpture creates the view of society and the world about us that relays to us the values that are respected and shape our attitudes towards life. In this respect we can speculate on the conceivable isolation of sculpture.

## III

It goes almost without saying that sculpture used to be much closer to people's everyday lives and more closely intertwined with other aspects of society in earlier times, regardless of when or where we look. The reason is not that civilized nations have been more fond of the arts until now, but rather that man's view of the world and of the position of the individual and society within creation is not only practical but also poetic and mythological. The symbolic space of the myth was implied in all areas of society through the structure of communities, religious and secular buildings, images and statues.

This attitude survived to some extent in the memorial statue, whose role was not only to extol the memory of heroes and great men, but also to maintain certain civic virtues, courage and selflessness. Memorials were put in busy places and crossroads, a constant reminder to the citizens to obey the call of duty. Everyone within the territory of a memorial feels some sense of obligation towards the person or deed to which it refers — the memorial says: "They sacrificed their lives for us and for the fatherland — their destiny is our destiny."

Rodin's memorials mark the end of this genre in Western culture. Originally intended to exalt the memory of the heroic deeds of famous French citizens, his "Citizens of Calais" is today much more a memorial to Rodin's private world and the heroic deeds which he performed in the name of art. In this respect Rodin's sculptures are no different from those of Alberto Giacometti or David Smith. Or in Iceland, Ásmundur Sveinsson, whose sculptures testify above all to the boldness of a creative pioneer and to adoration of individualism. The mytholog-

ical content of the works, the symbolic space they create as memorials, is the belief in the creative freedom of the human spirit, in the individual who shakes off the yoke of civilization and bursts forth independent and completely removed from the context of his surroundings, like a modern sculpture on a traffic island.

The notion of the absolute freedom of a work of art with respect to the world about it has a long and noteworthy pedigree. We can cite the controversial contribution to culture made by Lord Elgin who ransacked the Acropolis at the beginning of the nineteenth century, seized ancient marble statues and took them back to Britain, under the pretext that he was saving them from destruction. After some wrangling, the British government bought the "Elgin marbles" and they became one of the showpieces of the British Museum, where they are still kept. These marble statues were part of original buildings including the Parthenon and were arranged, completely out of context, as independent works of art. In this way the "Museum" was granted its lofty role of preserving self-sprung art and protecting it from barbarianism and destruction by Philistines. At the same time, the Museum houses objects which belong nowhere and enshrine the memory of a lost world that has become a thing of the past.

The avant garde movement in art at the beginning of this century, however, was more concerned with the dimension of time than of space. Its advocates were preoccupied with change, movement and the pace generated by mechanization. Avant garde was "in front" of all other movements and paid little heed to where it should locate itself in an obsolete social structure which was rotten through with false myths employed to prevent normal de-

velopment. The memorial became a symbol of the stagnated and intransigent spatial concept of the past, with its constant reminders of ancient glories and its backward march into the future. Adherents of the artistic and political avant garde had their minds on the utopia of the future and the exhibition hall was only a half-way house while they waited for the promised society where, at last, they would be on home ground. Avant garde art opposed the contemporary sense of space, but tried to keep up and take part in order to create conditions for its own fulfilment.

As the century progressed, artists began to have their doubts. For all its alleged independence, art was nowhere able to stand completely on its own two feet except in the exhibition hall, or inside what has been called the "world of art," which had never been envisaged as its final resting-place. With the emergence of Concept Art (and likewise related movements such as Fluxus, Happening, Performance, Video Art and the like) a way out was sought, and sculpture looked set to vanish into conscious space for once and for all. Concept Art belonged to the notional category of space, possessed a conceptual construction and was linked to its environment by semantic associations. Occasionally it could be embodied in some material object or action, which involved for example obeying some kind of directive, but this was merely on an ad hoc basis. The work of art was completely unconfined by the scope, dimensions and location of the object.

By making the work of art homeless, Concept artists hoped to see the exhibition hall vanish of its own accord and send art roving to settle elsewhere, trespass into ter-

ritory that was by no means intended for it. But the utopian dreams of the 1960s of merging art with life have vanished. The old naive optimism no longer prevails. It is not so easy to leave the exhibition hall even though no one forces the artist to use it — but where is there to go? Even when the exhibition hall is abandoned and the work of art is taken out to the wilderness, it always returns, if not by itself, then in the form of "documentation."

#### IV

The overwhelming emphasis on the geometrical concept of space has dulled our sense of its diversity. Two images are typical of conceptual and measurable space on which the technology and bureaucracy of modern society is based: the grid system of coordinates familiar from maps, and the tree structure familiar from the natural sciences, which classifies all objects into their appropriate categories according to a given hierarchy of divisions and subdivisions. Coordinates and trees are conceptual and abstract structures projected onto the world in order to give us a grasp of the objects around us, and as such have tremendous practical importance.

Although the perceived space of social communications has been charted with the locations of individuals, their movements from one place to another, concentration of population and efficient utilization of space, all in accordance with measurable sizes, these by no means give the right picture of the way the individual perceives his own place in society and the world. A correspondence between conceptual and symbolic space defies identification to an even greater extent. After all, our awareness and sense of the significance of symbolic space is virtu-

ally nil in the modern age. This is particularly true of the Icelanders, who jumped straight from a simple rural society into a modern technological state. We have never grown accustomed to regarding sculptures as anything more than furnishing which is installed in buildings or set up in parks.

Breaking down human actions into ever simpler and more clearly restricted basic acts is one of the cornerstones of modern progress. Henry Ford's highly consequential contribution to culture, the conveyor belt, is typical of the thinking pattern and lifestyle of modern man. The worker is a restricted category, performing predefined actions without seeing their location in the total context of the conveyor belt. Categories need to be found to suit all actions, and the aim of all this categorization must be the smooth functioning of the conveyor belt, keeping the wheels of industry turning. This Chaplinesque simplification of modern life is comically accurate, even today. One manifestation is the way artists are expected to prove they are "experts in their fields" and confine themselves there, without anyone being certain what this expertise involves or in which field it lies.

The categorization of industry is well shown by the absolute breach between sculpture and architecture. Walter Gropius, the architect and theoretician of the Bauhaus School, set the scene early this century by declaring that the architect was an engineer and not an artist, a man of technical skill rather than emotion, who was obliged to keep up with innovations in technology and production. By the same token, artists were obsessed by purging themselves of everything which distracted them from their quest for the essence of art.

Sculptors have therefore wavered in their attitude towards the environment ever since they parted ways with architects. Firstly, the sculptural art is so progressive and radical (in the view of the artists themselves) that it scarcely belongs in the environment in its present state, because the artist, as culture's conscience, is almost morally obliged to oppose prevailing attitudes through transparent action, for example by issuing challenges or even creating scandals. Secondly, sculptors' attitudes are completely incompatible with the notions of quantity entertained by urban technocrats. They converge only at the points of mutual tolerance, relaxation and compromise (i.e. tolerance on the part of architects, but relaxation on the part of artists), although this does not imply that they think along the same lines. The consequence is disharmony and clashes between environmental sculpture and urban planning.

Or should we accept that architects, civil engineers and urban planners are the true sculptors of practical space? When all is said and done, it is they who have created the world which "the man in the street" inhabits. Is there really any need for sculptors to bother themselves with something that most of them lack the knowledge to engage in? This seems to have been the conclusion.

Art is widely felt to have become isolated and remote from the general public, through its own making. If art were to change, this division would disappear and art would merge with life and become a normal part of the environment. Advocates of market forces think along similar lines: if artists were to think about what the public wants, art would reach the public. But both claims are based on a misunderstanding. Sculpture has gradually

become a peripheral phenomenon, not only because artists have wanted to pursue their own courses, but also because it is more convenient to have art somewhere where it makes no difference for the "operations" of society. Sculpture has been compartmentalized in a remote place, where it is free to do its own thing, leaving everyone feeling safe that it will not make the slightest difference.

